

## Fundargerð



MÝVATN

# Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

## 27. fundur.

að Hlíðavegi 6, 4.12. 2003, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Tilboð í tryggingar Skútustaðahrepps opnuð.
3. Ákvörðun útsvarsprósentu.
4. Fjárhagsáætlun 2004.
5. Erindi Félags heyrnarlausra, styrkbeiðni.
6. Snjómokstursreglur.
7. Þekkingasetur Þingeyinga.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund.

### 2. Tilboð í tryggingar Skútustaðahrepps opnuð.

Eftirfarandi bréf var sent til fjögurra tryggingafélaga, þ.e. Vís, Sjóvár – Almennra, Varðar og Tryggingamiðstöðvarinnar. Með bréfinu fylgdi listi um eignir og starfsemi Skútustaðahrepps. Í kjölfar bréfsins bárust nokkrar spurningar frá félögum og var þeim svarað með tölvupósti, þannig að öll félögin fengu sömu upplýsingar

## Mývatnssveit, 19. nóv. 2003.

### Efni: Váryggingar Skútustaðahrepps.

Um komandi áramót eru allr tryggingar Skútustaðahrepps lausar. Vegna þessa hefur verið ákveðið að leita tilboða hjá fjórum trygginafélögum, VÍS, Sjóvá – Almennum, Verði Vátryggingafélagi og Tryggingamiðstöðinni.

Óskað er eftir að félögin, hafi þau áhuga, skili inn tilboðum fyrir sveitarstjórnarfund 4. desember kl. 13:30, en þá verða þau opnuð á skrifstofu hreppsins að Hlíðavegi 6, 660 Mývatn.

Tryggingafélagunum er frjálst að setja tilboð sín upp með þeim hætti sem þau kjósa og er jafnframt frjálst að setja fram mismunandi kosti að vild.

Með bréfi þessu fylgir samantekt á tveimur bls. um helstu eignir Skútustaðahrepps og starfsemi á vegum hreppsins.

Nánari upplýsingar gefur undirritaður, ef óskað er, í síma 464-4163, netf. [sigbjorn@myv.is](mailto:sigbjorn@myv.is)

Bestu kveðjur,

**Sigbjörn Gunnarsson, sveitarstj.**

Mættir eru til fundarins Hólmgeir Þorsteinsson fyrir hönd Tryggingamiðstöðvarinnar, Jón Gestsson fyrir hönd Sjóvár – Almennra, Ólafur Ingimarsson og Magnús Þorvaldsson fyrir hönd VÍS. Fulltrúar félaganna afhentu tilboð sín.

Oddviti opnaði tilboðin og las upp niðurstöður tilboðanna, sem voru eftirfarandi:

Sjóvá – Almennar: Ársiðgjöld samtals 1.198.783- með opinberum gjöldum.

Vís: Ársiðgjöld samtals 886.316- með opinberum gjöldum.

Frá Tryggingamiðstöðinni: Ársiðgjöld án húseigendatrygginga 1.297.629 með opinberum gjöldum. Húseigendatryggingar 380.688- Samtals: 1.680.317-

Frá Verði barst ekki tilboð.

Skrifstofu Skútustaðahrepps falið að yfirfara gögnin og leggja niðurstöður fyrir sveitarstjórn eins fljótt og verða má.

### 3. Ákvörðun útsvarsprósentu.

Oddviti gerði tillögu um að útsvarsprósenta 2004 verði óbreytt frá fyrra ári , þ.e. 13,03%

Samþykkt samhljóða.

### 4. Fjárhagsáætlun 2004.

Minnisblað.

Fjárhagsáætlun 2004.

Helstu forsendur

- 1) Útsvar verði 13,03%
- 2) Reikna má með um 5% hækkun rekstrargjalda sem einkum skýrast af hækkun launa og verðlagshækkunum.
- 3) Reikna má með nokkurri hækkun á rekstri Héraðsnefndar og Sorpsamlags, en fjárhagsáætlanir liggja ekki enn fyrir.
- 4) Ekki er gert ráð fyrir auknu umfangi rekstrar sveitarfélagsins.
- 5) Tekjur sveitarfélagsins hafa farið lækkandi á liðandi ári einkum vegna breyttra reglna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en enn hefur ekki borist svar við bréfi Skútustaðahrepps þar sem skýringa var óskað á breytingum sem orðið hafa.
- 6) Í ljósi minnkandi tekna þarf einkum að huga að tvennu: A) Að draga úr rekstrarútgjöldum. B) Að auka tekjur. C) Að draga úr þjónustu.

*Eitthvert svigrúm er til að draga úr rekstrarútgjöldum án þess að bitni á þjónustu. Þannig hefur viðhaldi eigna Skútustaðahrepps verið vel sinnt síðustu ár. Jafnframt hefur tækjabúnaði verið vel við haldið. T.d. hafa öll helstu tæki mótuneytis verið endurnýjuð nýverið.*

*Þá er nokkurt svigrúm til að auka tekjur, en gjaldstofnar eru ekki allir nýttir. Í því sambandi er rétt að benda á fasteignagjöld. Þá verður að fylgjast gjörla með að gjaldskrár fylgi auknum kostnaði vegna viðfangsefna.*

- 7) *Að óbreyttu er bygging leikskóla það verkefni sem hæst ber á komandi ári. Arkitekt kveðst munu koma teikningum til byggingafulltrúa fyrir áramót. Þá munu verkfræðingar verða tilbúnir með útboðsgögn í febrúar. Þannig ætti að vera mögulegt að hefja byggingu leikskólans með vorin gangi allt eftir.*

Skrifstofu Skútustaðahrepps falið að vinna að fjárhagsáætlun í samræmi við það sem að framan segir.

**5. Erindi Félags heyrnarlausra, styrkbeiðni.**

Samþykkt að styrkja Félag Heyrnarlausra um kr. 30.þús.

**6. Snjómokstursreglur.**

Sveitarstjóri lagði fram drög að samningi um vetrarþjónustu Vegagerðar ríkisins á vegum í Mývatnssveit.

Sveitarstjóra falið að ræða við Vegagerðina um kostnaðarskiptingu, einkum hvað veginn norðan vatns varðar.

**7. Þekkingasetur Þingeyinga.**

Afgreiðslu erindisins frestað.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Jón Óskar Ferdinandsson,

Kristján Stefánsson,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.